



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála

1. gr.

Heimilisofbeldi – tengsl aðila

Forsenda fyrir skráningu máls í verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* er að gerandi og þolandi séu nákomnir, þ.e. skyldir eða tengdir.

Með geranda og þolanda er í reglum þessum átt við ætlaðan brotamanng og ætlaðan brotaþola. Til skyldra og tengdra í þessu sambandi teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðarfólk, börn, systkini og foreldrar eða forráðamenn.

2. gr.

Brotaflokkar

Þegar um er að ræða skyldleika eða tengsl geranda og þolanda, sbr. 1. gr., og rannsókn beinist að brotum á eftirgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga, skal auk venjubundinnar skráningar færa málið undir verkefnaflokkinn heimilisofbeldi:

- a. brot á ákvæðum 108., 231., 232. og 233. gr.
- b. brot á ákvæðum 217. og 218. gr.
- c. brot á ákvæðum 1. mgr. 191. gr., 194., 195., 196., 200., 201., 202., og 209. gr.
- d. brot á ákvæðum 225. og 226. gr.
- e. brot á ákvæðum 253. og 257. gr.

3. gr.

Vettvangur

Heimilisofbeldi samkvæmt 1. og 2. gr. eru brot framin innan veggja heimilis eða á öðrum stað þar sem skyldir og tengdir dvelja eða hittast fyrir.

4. gr.

Málaskrá

Mál samkvæmt reglum þessum skal skrá í málaskrá undir verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* og vísa til brots eða brota, sbr. 2. gr. Sömu aðferð skal beita við skráningu máls í málaskrá þótt ekki sé talin þörf á frekari afskiptum lögreglu á vettvangi.

Nú er lögreglan kölluð á heimili eða á annan stað þar sem ágreiningur er á milli skyldra og tengdra, en ekki er grunur um brot, sbr. 2. gr., og skal þá færa málið í málaskrá undir verkefnaflokkinn *ágreiningur*.

Ávallt skal skrá tengsl aðila í máli, sbr. 1. gr.

5. gr.

Almenn atriði um útköll

- a. Ef lögreglan er kölluð á vettvang þar sem grunur er um heimilisofbeldi getur skipt máli að hún afli upplýsinga áður en þangað er komið um fyrri tilvik, sbr. verkefnaflokkinn heimilisofbeldi.

- b. Þegar komið er á vettvang og málavextir hafa verið kannaðir er mikilvægt að lögreglan geri sér grein fyrir því hvort um brot sé að ræða, sbr. 2. gr., eða hætta sé á því að brot verði framið.
- c. Ef maður er gestkomandi og húsráðandi óskar eftir því að lögreglan fjarlægji hann af heimilinu getur lögreglan gert það. Ef íbúi óskar að lögreglan fjarlægji mann eða vísi af eigin heimili þurfa að liggja til þess ríkari ástæður, s.s. að hann sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum og að handtaka sé heimil samkvæmt XII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Einnig getur þurft að fjarlægja mann af heimili sínu eftir langvarandi drykkju eða neyslu fíkniefna, s.s. ef börn eru á heimilinu, og öðrum úrræðum er ekki til að dreifa.
- d. Ef lögreglan er kölluð á heimili en er ekki hleypt þar inn getur hún þurft að grípa til annarra ráðstafana. Geta nágrannar þá komið að liði ef þeir búa yfir vitneskju um aðra í fjölskyldunni sem hægt er að leita til.
- e. Lokaúrræði fyrir lögregluna getur verið að brjóta sér leið inn á heimilið þegar rökstuddur grunur er um að verið sé að misþyrma manni, eða maður sé þar alvarlega veikur og bið eftir úrskurði dómara getur haft hættu í för með sér. Við þessar aðstæður skal gæta heimilda í XI. og XII. kafla laga um meðferð opinberra mála, um leit og handtöku.

6. gr.

Söfnun upplýsinga á vettvangi

Leggja ber áherslu á eftirtalin atriði:

- a. Að kanna vettvang eins fljótt og mögulegt er og lýsa aðstæðum skilmerkilega, og taka myndir og nærmyndir þegar við á.
- b. Skrá frásögn þolanda strax og fá hana undirritaða ef þess er nokkur kostur, upplýsa hann um réttindi sín samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og þar á meðal ákvæða 50. gr. um undanþágu frá vitnaskyldu.
- c. Nauðsynlegt er að lýsa andlegu ástandi þolanda og sýnilegum áverkum eins nákvæmlega og unnt er.
- d. Að leita vitna og skrá upplýsingar um þau og aðra sem hlut eiga að máli.
- e. Athuga fyrri útköll eða afskipti lögreglu af heimilinu og heimilisfólki, hafi upplýsinga ekki verið aflað áður en á komið var á vettvang.

7. gr.

Aðstoð við brotþola og leiðbeiningar

- a. Lögreglumönnum sem hafa afskipti af heimilisofbeldismálum ber að auðsýna þolanda fyllstu tillitssemi og vingjarnlegt viðmót. Þeir skulu svara spurningum hans og annars heimilisfólks, en gæta ber fyllsta jafnræðis í samskiptum við þá sem deila og varast að taka afstöðu.
- b. Lögreglumenn skulu vera undir það búnir að veita leiðbeiningar og svör um úrræði sem þolendum standa til boða í umdæmum þeirra, (sjá nánar í viðauka). Má þá benda á og afhenda upplýsingabækling dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir þolendur afbrota, sem geymir upplýsingar um réttindi þolanda og feril opinberra mála í meginatriðum, og nálgast má á innri vef lögreglunnar.

- c. Þegar þolanda er gerð grein fyrir því á vettvangi að lögregluskýrsla verði skráð um útkallið og aðstæður allar, skal honum jafnframt tilkynnt að lögreglu beri af sjálfsdáðum að hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið, hvort sem kæra hefur borist eða ekki, sbr. 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hann megi þá búast við því að verða kallaður fyrir síðar og að vitnisburður hans geti ráðið úrslitum um framvindu lögreglurannsóknar, en sé þó ekki skilyrði hennar.
- d. Færa skal þolanda sem hlotið hefur áverka til læknis eða á neyðarmóttöku ef talið er að um kynferðisbrot sé að ræða, eða bjóða fram slíka aðstoð hafi þolandi ekki frumkvæði að því að óska eftir henni. Þá skal bjóða honum aðstoð við að komast í athvarf eða á annað heimili sem stendur honum til boða.
- e. Í málum þar sem börn eru á heimili og aðstæður eru með þeim hætti að ekki þykir samboðið barni, eða því er ógnað, skal tafarlaust kalla til fulltrúa barnaverndaryfirvalda sem ber ábyrgð á því að barn fái þá aðstoð, skjól og umhyggju sem því ber.
- f. Lögreglumenn skulu leiðbeina þolanda um réttindi hans, eftir því sem við á, og útskýra fyrir honum framhald málsins, sbr. stafaliði g til m hér á eftir.
- g. Réttargæslumaður, sbr. VII kafla laga um meðferð opinberra mála: Þolanda er heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna í máli. Lögreglu er skylt að tilnefna réttargæslumann ef um kynferðisbrot er að ræða og þolandi óskar þess. Ef þolandi hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst, og um kynferðisbrot er að ræða, skal ávallt tilnefna honum réttargæslumann.
- h. Skylt er lögreglu endranær eftir ósk þolanda eða lögráðamanns hans að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, um manndráp og líkamsmeiðingar, eða XXIV. kafla laganna, um brot gegn frjálsræði manna, og ætla má að þolandi hafi orðið fyrir tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins og hann hefur að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þá getur lögregla tilnefnt þolanda réttargæslumann þótt hann eða lögráðamaður hans hafi ekki óskað þess, ef skilyrðum laganna í 2. mgr. 44. gr. b laga um meðferð opinberra mála er fullnægt og þolandi er sérstaklega sljór eða skilningslítill.
- i. Nálgunarbann, sbr. XIII kafla A laga um meðferð opinberra mála: Heimilt er að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á, sbr. 110. gr. laga um meðferð opinberra mála. Lögregla gerir kröfu um nálgunarbann en dómari úrskurðar um kröfuna. Lögregla skal tilkynna þolanda, sem njóta á verndar með nálgunarbanni, að krafa verði lögð fyrir dóm.
- j. Telji lögregla ástæðu til að ætla að þolandi treysti sér ekki til þess að leggja fram beiðni um nálgunarbann af ótta við geranda, eða honum sé það ókleift af öðrum sambærilegum ástæðum, getur lögregla af sjálfsdáðum lagt kröfuna fram. Þá skal upplýsa þolanda að brjóti maður gegn nálgunarbanni varði það sektum eða fangelsi og að brot sæti opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert er við.
- k. Lögregla skal tilkynna þolanda um lok nálgunarbanns.

- l. Leiðbeina skal þolanda að hann geti komið bótakröfu að í refsímáli samkvæmt XX. kafla laga um meðferð opinberra mála um einkaréttarkröfur. Hann kann að eiga rétt á að fá greiddar bætur vegna líkamstjóns og miska, samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolanda afbrota, nr. 69/1995. Samkvæmt 18. gr. laganna skal lögregla leiðbeina þolanda um rétt til greiðslu bóta samkvæmt þeim.
- m. Lögregla heldur áfram rannsókn máls ef fyrir liggja skýrar vísendingar um að brot, sbr. 1. og 2. gr., hafi verið framin, þrátt fyrir að þolandi vilji ekki aðstoða við rannsóknina, eða hann hafi afturkallað kæru sína, nema því aðeins að málshöfðun sé háð kröfu þess sem misgert er við.

8. gr.

Afturköllun kæru

Nú óskar þolandi eftir því að afturkalla kæru sína og skal þá fara þess á leit að hann gefi skýrslu um þá ákvörðun. Þar komi fram hverjar eru ástæður afturköllunar, s.s. hvort skýrsla sem áður var gefin sé rétt og hvort hann hafi verið beittur þrýstingi.

Ef þolandi neitar að gefa skýrslu um þessi atriði skal lögreglumaður sem við hann ræðir gera eigin skýrslu um samskipti sín við hann og út á hvað þau gengu.

Gera skal þolanda grein fyrir því að málinu verði allt að einu haldið áfram af hálfu lögreglu ef grunur er um að gerandi hafi framið refsivert brot sbr. m-lið 7. gr.

9. gr.

Málshraði


Hraða skal rannsókn máls út af heimilisofbeldi, sbr. að öðru leyti fyrirmæli / leiðbeiningar ríkissaksóknara um hámarkstíma málsmeðferðar.

10. gr.

Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 20. október 2005



Haraldur Johannessen